

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 210/2012****2013/EES/18/06****frá 7. desember 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2012 frá 27. janúar 2012 um breytingu á I. viðauka, til að fella inn nýtt heiti textiltrefja, og VIII. og IX. viðauka, í þeim tilgangi að laga þá að tækniframförum, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 um heiti textiltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílværa ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 4d (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1007/2011) í XI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 R 0286**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2012 frá 27. janúar 2012 (Stjtíð. ESB L 95, 31.3.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 286/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2012 frá 28. september 2012 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 95, 31.3.2012, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 341, 13.12.2012, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 70, 13.12.2012, bls. 9.